

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 772 15. desember 1982.**

1. gr.

Á eftir 3. tl. 19. gr. komi nýr töluliður, er verður 4. töluliður og breytist númer annarra töluliða samkvæmt því. Hinn nýi töluliður hljóðar svo:

4. Bætur vegna tjóna á ræktun lands sbr. 2. tl. 2. gr. miðast við það, að ræktun verði gerð að nýju þannig að hún verði hin sama og fyrir tjónið. Hámark bóta fyrir hvern hektara finnst með því að deila heildarflatarmáli hins ræktaða lands í hekturum talið í váttryggingarupphæðina. Hluti úr hektara bætist hlutfallslega. Tryggingin bætir ekki annað tjón en ræktunina sjálfa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.
REGLUR**um tannverndarsjóð.**

1. gr.

Tannverndarsjóður er stofnaður skv. 8. gr. samnings Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins frá 19. apríl 1975. Hann er í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins og skal ávaxtaður á sérreikningi, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að greiða kostnað við fræðslu um tannhirðu og tannvernd svo og við aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði tannheilsamála.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins leggur sjóðnum árlega til fé sem nemur 1% af kostnaði ríkissjóðs af tannlæknaþjónustu skv. lögum um almannatryggingar, eins og gilt hefur hingað til.

4. gr.

Heilbrigðisráðuneytið hefur yfirstjórn á starfsemi sjóðsins. Tannheilsudeild ráðuneytisins gerir tillögur um fræðslu- og tannverndaraðgerðir á vegur sjóðsins og hefur um það samráð við Tryggingastofnun ríkisins svo og við Tannlæknadeild Háskóla Íslands, Tannlæknafélag Íslands eða stjórnendur skólatannlækninga, þar sem þær eru starfandi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.